

## Tilgangur

Umhverfisstefna Sjóvá er sett fram til að leggja áherslu á umhverfissjónarmið og tryggja að þau séu höfð að leiðarljósi í daglegum rekstri félagsins. Sjóvá vill leggja sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar.

## Umfang

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi Sjóvár. Starfsmenn Sjóvár skulu kynna sér efni hennar, framfylgja henni sem og leita leiða til umbóta í umhverfismálum. Forstjóri Sjóvár ber ábyrgð á umhverfisstefnu og skal tilnefna umhverfisnefnd sem sér um eftirfylgni og endurskoðun. Allir starfsmenn félagsins bera ábyrgð á að framfylgja umhverfisstefnu, kynna sér hana og móta hana áfram til framtíðar.

## Stefna

Sjóvá skuldbindur sig til að fylgja öllum lagakröfum á sviði umhverfismála og hafa umhverfismál til hliðsjónar í öllum rekstri Sjóvár. Með umhverfisstefnunni skuldbindur Sjóvá sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif félagsins og hafa jákvæði áhrif á nær samfélagið á sviði umhverfismála. Framtíðarstefnumótun og þróun félagsins mun taka mið af vistvænni nálgun. Í starfsemi félagsins verður tekið tillit til hagkvæmrar notkunar aðfanga og tækjabúnaðar, og endurnýtingar og endurvinnslu til að takmarka umhverfisspor félagsins. Áherslur félagsins varða bæði innra starf Sjóvár sem og ytri áhrif félagsins.

## Leiðir

Við höfum metnað til að hafa umhverfismál til hliðsjónar í öllum rekstri Sjóvár. Starfsemi og reksturinn séu til sóma og öðrum góð fyrirmynd.

Innri þættir Sjóvá: Í öllum rekstri félagsins og háttsemi starfsmanna verður reynt, eins og kostur er, að stuðla að umhverfivænum háttum.

Ytri áhrif Sjóvá: Sjóvá mun reyna að hafa áhrif til góðs á viðskiptavini og nær samfélagið, til að hvetja til umhverfisvitundar og umræðu um vistvænan rekstur. Það verður gert með forvörnum og fræðslu, styrkjum, beinum aðgerðum og upplýsingagjöf. En ekki síður með því að starfsmenn og rekstur félagsins sé öðrum góð fyrirmynd.

- Innkaup Sjóvár og rekstur taka mið af umhverfissjónarmiðum þar sem því er komið við
- Efla umhverfisvitund starfsmanna
- Orkunotkun verður haldið í lágmarki og leitast við að draga úr mengun
- Endurnýta og endurvinna það sem fellur til í rekstrinum og farga öðru með viðeigandi hætti
- Leitast er við að hafa jákvæð áhrif á nærumhverfið með forvörnum og upplýsingum og vera fyrirmynd á sviði umhverfismála
- Að öll vörubrún sé unnin með hliðjón af umhverfivænni viðskiptum

Sett verða fram markmið um árangurinn í mælaborði stjórnenda. Umhverfisvísar og árangur verða birt árlega í ársskýrslu.

## Tengd skjöl

[ST-Stefna um sjálfbærni og samfélagsábyrgð](#)

[VL-Lykilmælikvarðar sjálfbærni og samfélagsábyrgð](#)